



HIÐ ÁRLEGA NTT MÓT ÆSKH

Í VATNASKÓGI

15. TIL 16 MARS 2024!

UPPLÝSINGAR FYRIR FORELDRA/FORRÁÐAMENN

- Hin árlegu NTT mót eru ætluð öllum sóknum í Kjalarnessprófastsdæmi og Reykjavíkurprófastsdæma eystra og vestra. Eins og alltaf – þegar við berum ábyrgð á börnum, þá á utanumhaldið að vera nákvæmt. Starfsfólk kirknanna þarf því að tryggja það að börnin þekki sína æskulýðsfulltrúa og það sé minnst einn fullorðinn starfsmaður sem fylgir hverjum sjö börnum og að auki fylgja ungleiðtogar með sem aðstoð varðandi dagskráliðina.

Í VATNASKÓGI!

- NTT mótið er með fjölbreyttu sniði með fjölbreytta dagskrá eins og vanalega. Það eru kvöldvökur, fræðsla, inni og útileikir, spil, íþróttahúsið, helgistund og auðvitað frjáls tími, svo eitthvað sé nefnt.
- Gist er í 4 til 7 manna herbergjum með kojum.
 - Æskilegt að sé meðferðis: koddur, lak, svefnpoki eða sæng, náttföt, tannbursti & tannkrem, föt til skiptanna, góða skó, inniskó, hlý útiföt, húfu, vettlinga, handklæði. Á staðnum er íþróttahús og því er gott að taka með sér íþróttaföt og skó fyrir þau sem vilja.

BROTTFÖR OG HEIMKOMA!

Það er mæting á plani Árbæjarkirkju kl. 16:00 og **brottför er kl. 16:30**. Við brottför tekur æskulýðsstarfsfólk á móti sínum hóp og passa upp á það að allir skráðir séu mættir. Við **komum tilbaka kl. 15:00** á laugardeginum, æskulýðsstarfsfólkið bíða með börnunum þar til öll hafa verið sótt.



AÐ VERA Í SAMBANDI!

Meðan á mótinu stendur geta foreldrar/forráðamenn átt von því að fá SMS með fréttum af framvindu mótsins, komu á staðinn, svefnró, staðfestan heimferðartíma og annað sem gagnlegt og skemmtilegt er að koma á framfæri.

- Foreldrum/forráðamönnum er að sjálfsögðu velkomið hvenær sem er að hafa samband við æskulýðsstarfsfólk og spyrja um hagi og líðan síns/sinna barns/barna. Best er að hringja í farsíma æskulýðsstarfsfólks þeirrar kirkju sem barnið fylgir. Starfsfólk: Bogi æskulýðsfulltrúi s: 6906766 og Valgerður barnakórstjóri s: 8417688. Einungis takmarkaðar upplýsingar eru að fá ef hringt er í aðalnúmer Vatnaskógar því starfsfólk Vatnaskógar ber fyrst og fremst ábyrgð á eldhúsi og um utanumhald staðarins.
- Við viljum gjarnan benda á að best er að geyma farsíma heima. Síminn getur haft truflandi áhrif á þátttöku barnanna og jafnvel ýtt undir heimþrá. Að geyma símana heima ýtir frekar undir að börnin geti gleymt sér í dagskrá ferðarinnar og njóti sín í öruggu umhverfi.
- Mótsgjaldið er 8.000 kr. Æskulýðsfulltrúi í þinni kirkju tekur við leyfisbréfi, mótsgjaldi og annast skráningu. Mikilvægt er að láta æskulýðsleiðtoga kirkjunnar vita ef um er að ræða veikindi, ofnæmi eða annað slíkt, jafnvel þó viðkomandi annist sína eigin lyfjatöku.
- Nánari upplýsingar um mótið er hægt að nálgast hjá æskulýðsleiðtogum í kirkjunni þinni.
- Umsjón með mótinu hefur ÆSKH (Æskulýðssamband kirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu) og Anna Elísabet Gestsdóttir (Lísa) djákni og Svæðisstjóri æskulýðsmála fyrir hönd Kjalarness og höfuðborgarsvæðið. Síminn er 788-2243 og netfangið er: lisa@kirkjan.is

Með von um góða þátttöku

Bestu kveðjur frá barnakór og Æði-flæði hópum úr Lágafellskirkju



Leyfisbréf

NTT mót ÆSKH í Vatnaskógi

15. - 16. mars 2024



Með þessu leyfisbréfi staðfestum við foreldrar- og forráðamenn barns að við höfum lesið yfir dagskrá, reglur og skipulag mótsins með barninu okkar. Markmið ferðarinnar er að taka þátt og njóta dvalarinnar.

Vinsamlegast skilið leyfisbréfi útfylltu til Boga n: bogi@lagafellskirkja.is eða Valgerðar n: valgerdur@lagafellskirkja.is í síðasta lagi **þriðjudaginn 12. mars** ásamt mótsgjaldi (sjá neðar). Bæði er hægt að skila leyfisbréfinu í pappíriformi (til Valgerðar) og „rafrænt“ (til Boga)

Fullt nafn barns: _____

Kennitala barns: _____

Fari á NTT æskulýðsmót með kirkjunni minni _____

í Vatnaskóg 15. - 16. mars 2024

Sérstakar ábendingar (Fæðuóþol, ofnæmi, lyf, frávik og annað):

- | |
|--|
| <input type="checkbox"/> Fæðuóþol <input type="checkbox"/> Bráðaóþol |
| <input type="checkbox"/> Grænm.f. <input type="checkbox"/> Vegan |
| <input type="checkbox"/> Ofnæmi <input type="checkbox"/> Bráðaofnæmi |

Undirskrift forráðamanns

farsími forráðamanns á meðan helgina stendur

Bæði er hægt að koma með mótsgjaldið í pening á barnakórsæfingu eða millifæra fyrir þriðjudaginn 12. mars. Mótsgjald: 8.000 kr.

Ef millifæra: **kt.:** 710169-3229 **Rkrn:** 0315-26-010789

og senda kvittun á: bogi@lagafellskirkja.is